


Göngudeild BUGL


-Upplýsingar fyrir börn og unglinga



Velkomin/n á göngudeild BUGL.

Nú hefur þú fengið tíma í fyrsta viðtal á göngudeild BUGL. Tilgangur þessa bæklinga er að reyna að svara þeim spurningum sem þú gætir haft um það hvað gerist hérna hjá okkur á göngudeild BUGL, sérstaklega í fyrsta skiptið sem þú kemur. BUGL er önnur af tveimur barnadeildum Landspítalans, hin er Barnaspítali Hringins. Á BUGL hittum við börn og unglinga sem eiga við andlega erfiðleika að stríða á meðan börn sem eiga við líkamlega erfiðleika að stríða fara á barnaspítalann. Dæmi um meðferð við líkamlegum vanda eru hækjur, sárabindi eða skurðaðgerð en á BUGL notum við aðallega spurningar, samtöl og stundum lyf.

Ástæður fyrir því að barni/unglingi er vísað á göngudeild BUGL eru margar og mismunandi. Algengustu ástæðurnar eru að það gæti verið vandi í skólanum, svo sem með nám eða með samskipti við samnemendur eða kennara. Einnig gæti verið um að ræða vanda með líðan sem hefur kannski haft áhrif á samskipti við aðra eða jafnvel að það sé einhver vandi á heimilinu sem veldur því að öllum líður illa. Auðvitað getur þetta verið eitthvað annað en það sem við teljum upp hér, en þetta eru dæmi um það sem við erum vön að vinna með á göngudeild BUGL.



Fyrsta viðtal á göngudeild BUGL

Góð samvinna milli þín, foreldra þinna og okkar skiptir miklu máli. Þegar þú kemur í fyrsta viðtal eiga foreldrar þínir alltaf að koma með, helst báðir en allavega það foreldri sem þú býrð hjá. Það er til þess að við fáum að kynnst ykkur og heyra í öllum með hver vandinn er og hvernig hægt er að aðstoða ykkur.

Yfirleitt tekur fyrsta viðtal um eina til eina og hálfa klukkustund og þið hittið alltaf málástjóran sem mun verða ykkar helsti samstarfsaðili á BUGL og verður sá sem þið hringið í ef ykkur vantar upplýsingar eða þurfið að ræða eitthvað sem varðar meðferðina á BUGL.

Við byrjum yfirleitt fyrsta viðtalið á að allir setjast niður saman og spjalla í stutta stund. Svo þegar allir eru búnir að kynnst er vaninn að barnið/unglingurinn sitji

eftir með málástjórnum og spjallar við hann á meðan foreldrar fara fram og fylla út spurningalista. Svo fer barnið/unglingurinn fram og bíður í smá stund á meðan foreldrar koma í viðtal við málástjórann. Þá er yfirleitt verið að fara yfir upplýsingar varðandi t.d. meðgöngu, fæðingu, hvenær þú fórst að ganga, tala, borða, hættir með bleyju og ýmislegt í þeim dúr. Viðtalinu lýkur með því að allir hittast aftur saman og farið er yfir næstu skref áður en farið er heim.



Næstu skref

Eftir viðtalið fer málástjórinn yfir þau gögn sem hafa komið með tilvísuninni á BUGL, til dæmis sálfræðiskýrslur og lista sem foreldrar og skóli hafa fyllt út ásamt listum sem þú hefur fyllt út í viðtalinu við málástjórann. Svo eru næstu skref ákveðin. Þau geta verið margskonar. Stundum þarf nánari greiningarvinnu, oft er gefinn tími hjá lækni teymisins sem þú tilheyrir eða þú færð tíma í einstaklingsviðtöl, eftir því hvað hentar þér. Viðtölin taka yfirleitt klukkustund. Á BUGL eru einnig í boði margar og mismunandi hópmeðferðir eftir því með hvaða vanda er verið að vinna. Oftast er svo haldinn upplýsingafundur með foreldrum þínum og starfsfólki skólans sem hefur verið að styðja þig, svo fram komi hvað þeim finnst vera að og einnig til að fá samvinnu um hvað væri hægt að gera öðruvísi. Hversu mikið við gerum á BUGL fer eftir eðli vandans sem þú ert að glíma við. Stundum er þörf á að leggja börn/unglinga inn á legudeild en vanalega ekki í fyrsta viðtali.

Útskrift

Þegar þér fer að líða og ganga betur þá metum við málið aftur og ákveðum útskrift af BUGL. Tímalengdin í þjónustunni hjá okkur á BUGL er mjög misjöfn, allt frá nokkrum vikum eða mánuðum í nokkur ár. Í sumum tilvikum höldum við samvinnunni til 18 ára aldurs og styðum viðkomandi í viðeigandi heilbrigðis- og eða félagsþjónustu annars staðar.

Ef þú hefur einhverjar spurningar, endilega skrifaðu þær niður eða reyndu að muna þær og spyrja svo þegar þú kemur í fyrsta viðtalið til okkar.

Vonandi mun okkur ganga vel að vinna saman. Við sjáumst þegar þú kemur í fyrsta viðtalið.



ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI, BARNA- OG KVENNASVIÐ
BARNA- OG UNGLINGAGEÐDEILD –
BUGL
JÚNÍ 2014

UMSJÓN:

UNNUR HEBA STEINGRÍMSDÓTTIR
ÞJÓNUSTUSTJÓRI
GUÐLAUG M. JÚLIUSDÓTTIR
FÉLAGSRÁÐGJAFI

ÁBYRGÐ:

LINDA KRISTMUNDSDÓTTIR
DEILDARSTJÓRI
HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC